

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

231. fundur. Mánudaginn 16. nóvember 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 13:30. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, formaður (mætti kl. 13:50), Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Til fundar við stjórn mættu Hafliði R. Jónsson frá VSÓ Ráðgjöf ehf. og Eyþóra Kristín Geirsdóttir, lögfræðingur hjá Borgarlögmanni.

### Tekið fyrir:

1. Niðurstaða akstursútboðs.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá VSÓ Ráðgjöf ehf, dags. 11.11.2015, þar sem kynntar eru niðurstöður akstursútboðsins, samningskaupa nr. 13446, mat á endanlegum lausnum og verðtilboðum.

Hafliði R. Jónsson ráðgjafi hjá VSÓ og Eyþóra Kristín Geirsdóttir lögfræðingur hjá Borgarlögmanni fóru yfir niðurstöður akstursútboðs, sem stjórn Strætó bs. samþykkti að á fundi sínum þann 8. maí 2015 að fara í.

Stjórn Strætó bs. samþykkir, í samræmi við framlagt minnisblað, að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Hópbíla Kynnisferðir ehf. um innkaupahluta 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 9 og Hagvagna hf. um innkaupahluta 2, 7 og 8. Jafnframt samþykkir stjórn að fela framkvæmdarstjóra Strætó bs., í samvinnu við Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, að tilkynna þátttakendum þá ákvörðun.

Fleira var ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið kl. 14:30

Bryndís Haraldsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Einar Birkir Einarsson  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir